

Frumvarp til laga

um breytingu á barnalögum og lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísna manna til stofnfrumurannsókna (einföldun regluverks).

Flm.: Hildur Sverrisdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Bergþór Ólason, Jakob Frímánn Magnússon, Gísli Rafn Ólafsson, Helga Vala Helgadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

2. mgr. orðast svo:
Kona telst móðir barns sem getið er með tæknifrjógungun liggja fyrir upplýst, skriflegt og vottað samþykki um móðernið bæði frá henni og móður barnsins skv. 1. mgr., áður en tæknifrjógungun er framkvæmd.
3. mgr. orðast svo:
Maður telst faðir barns sem getið er með tæknifrjógungun liggja fyrir upplýst, skriflegt og vottað samþykki um faðernið bæði frá honum og móður barnsins skv. 1. mgr., áður en tæknifrjógungun er framkvæmd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. a laganna:

2. mgr. orðast svo:
Kona telst móðir barns sem getið er með tæknifrjógungun liggja fyrir upplýst, skriflegt og vottað samþykki um móðernið bæði frá henni og föður eða foreldri barnsins skv. 1. mgr., áður en tæknifrjógungun er framkvæmd.
3. mgr. orðast svo:
Maður telst faðir barns sem getið er með tæknifrjógungun liggja fyrir upplýst, skriflegt og vottað samþykki um faðernið bæði frá honum og föður eða foreldri barnsins skv. 1. mgr., áður en tæknifrjógungun er framkvæmd.
- Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Einstaklingur sem breytt hefur skráningu kyns telst móðir, faðir eða foreldri barns sem getið er með tæknifrjógungun, eftir því hvernig breyttri kynskráningu er háttað, liggja fyrir upplýst skriflegt og vottað samþykki frá einstaklingnum sjálfum um að hann verði móðir, faðir eða foreldri barnsins, sem og upplýst, skriflegt og vottað samþykki frá annaðhvort móður barnsins skv. 1. mgr. 6. gr. eða föður eða foreldri þess skv. 1. mgr., eftir því sem við á, áður en tæknifrjógungun er framkvæmd.

3. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur einstaklingur samþykkt að teljast móðir, faðir eða foreldri barns sem getið er með tæknifrjógungun sem annar einstaklingur gengst undir, sbr. 2. eða 3. mgr. 6. gr. eða 2., 3. eða 4. mgr. 6. gr. a, og er þá í máli samkvæmt þessum kafla því aðeins unnt að taka til greina kröfu um að viðurkennt verði að einstaklingurinn sem ól ekki barnið teljist ekki móðir, faðir eða foreldri þess að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjógungunina.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna
og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. A-liður 1. mgr. orðast svo: fyrir liggi upplýst, skriflegt og vottað samþykki um tæknifrjógungun frá þeim einstaklingi sem elur barnið. Jafnframt liggi fyrir upplýst, skriflegt og vottað samþykki um tæknifrjógungunina frá einstaklingi sem samþykkt hefur með upplýstu, skriflegu og vottuðu samþykki að verða móðir, faðir eða foreldri barnsins, til viðbótar við einstaklinginn sem elur barnið, ef við á.
- b. Í stað orðanna „parsins eða konunnar“ í d-lið 1. mgr og 4. mgr. kemur: þess eða þeirra sem veita samþykki skv. a-lið.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Í þeim tilvikum má hvorki veita gjafa upplýsingar um þann eða þá einstaklinga sem veita samþykki skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. og fá í kjölfarið gjafakynfrumur hans, né einstaklingnum eða einstaklingunum upplýsingar um gjafann. Þá má hvorki veita gjafanum upplýsingar um barnið né barninu um gjafann.
- b. Í stað orðanna „parið sem fékk“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: þann eða þá sem fengu.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 2.–4. másl. 2. mgr. orðast svo: Heimilt er að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjógungun veiti aðeins einn einstaklingur samþykki sitt skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. og sá getur hvorki lagt til egg né sæði vegna skertrar frjósemi, sem og ef tveir einstaklingar veita samþykki sitt skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. og hvorugur getur lagt til egg eða sæði vegna skertrar frjósemi. Þá er ætíð heimilt að nota gjafasæði geti sá eða þeir sem hafa veitt samþykki sitt skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. ekki lagt til sæði. Samþykki tveir einstaklingar tæknifrjógungun skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. er þeim heimilt að gefa hvor öðrum kynfrumur.
- b. Í stað orðsins „óheimil“ í 3. mgr. kemur: heimil.

7. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Sá sem leggur kynfrumur til skal veita skriflegt og vottað samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi honum áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á kynfrumurnar, upplýsingagjöf til gjafaþega og barns og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þá má geyma fósturvísa sem til stendur að gefa.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Geymsla fósturvísa skv. 1. másl. 1. gr. er háð því skilyrði að þeir einstaklingar sem lögðu til kynfrumurnar eða fengu þær að gjöf til notkunar við glasafriðvögun, hvort sem um er að ræða einn eða tvo einstaklinga, veiti skriflegt og vottað samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana, upplýsingagjöf til gjafans og barnsins, og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna og fósturvísa í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

9. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísa ekki liðinn en þeir aðilar sem samþykktu geymslu fósturvísanna draga samþykki sitt til baka, og skal þá eyða fósturvísunum. Ef annar aðilinn andast er heimilt að geyma fósturvísa í þeim tilgangi sem áður veitt samþykki þess aðila kvað á um.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „væntanlegra foreldra“ í b-lið kemur: þess eða þeirra einstaklinga sem veita samþykki sitt skv. a-lið 1. mgr. 3. gr.
- b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: samþykki skv. a-lið 1. mgr. 3. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2023.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 152. löggjafarþingi (561. mál).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifriðvögun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, og barnalögum, nr. 76/2003. Til-lögurnar fela í sér einföldun regluverks í kringum tæknifriðvöganir ásamt auknu frelsi og traust til handa tilvonandi foreldrum sem þurfa að nýta sér tæknifriðvögun í þeim tilgangi að eignast barn og búa til fjölskyldu. Verið er að draga úr miðstýringu stjórnvalda þegar kemur að þessum þætti í lífi fólks og auka svigrúm til þess að búa til nýtt líf.

Lagt er til að sambúð eða hjúskapur verði ekki lengur skilyrði fyrir því að einstaklingar geti staðið saman að tæknifriðvögun í þeim tilgangi að búa til barn. Þá er sömuleiðis lagt til að slit sambúðar eða hjúskapar leiði ekki sjálfkrafa til þess að þeim fósturvísunum sem einstaklingarnir sem stóðu að tæknifriðvöguninni og eiga í geymslu í kjölfar meðferðar skuli undantekningarlaust eyða. Sama á við ef annar einstaklingurinn sem stóð að tæknifriðvögun andast. Tæknifriðvögun eða geymsla og möguleg nýting fósturvísa sem fást með tæknifriðvögunarferli skal ekki vera háð tilgreindu sambúðarformi þeirra einstaklinga sem standa að tæknifriðvögun. Frekar skal byggt á upplýstu, skriflegu og vottuðu samþykki beggja einstaklinga gagnvart tæknifriðvögunarferlinu og geymslu fósturvísa að því loknu, eftir atvikum. Gengið er út frá því að foreldrar barns getið með tæknifriðvögun geti ekki verið fleiri en tveir.

Einnig er lagt til að gjöf fósturvísa verði heimil, en þó ekki í ábataskyni. Sú heimild byggist á sama grunni og heimild til að gefa kynfrumur til tæknifrjóvgunar þriðja aðila og verði háð upplýstu, skriflegu og vottuðu samþykki gjafans. Ráðherra skal í reglugerð gera betur grein fyrir því hvernig upplýst samþykki hlutaðeigandi í tæknifrjóvgunarferli skuli uppsett og útfært.

Við gerð frumvarpsins var löggjöf annarra landa skoðuð þegar kemur að tæknifrjóvgun og þeim skilyrðum sem gerð eru til einstaklinga sem leita þeirrar heilbrigðisþjónustu til að eignast barn.

Bretland.

Í Bretlandi er ekki gerð krafa í lögum um tæknifrjóvgun að þeir einstaklingar sem standa saman að tæknifrjóvgun séu í sambúð eða hjúskap. Bæði sæðisgjafi og móttakandi þurfa hins vegar að lýsa því yfir að á milli þeirra sé náð líkamlegt samband og er sú yfirlýsing forsenda skilgreiningar á því hvað telst þar í skilningi laganna. Í breskri löggjöf byggist ráðstöfun fósturvísa einnig á samþykki hlutaðeigandi og eru ítarlegar kröfur um samþykki vegna ýmissa ráðstafana sem tengjast tæknifrjóvgun og afturköllun þess í lögnum.

Gjöf fósturvísa er heimil samkvæmt breskum lögum. Þeim sem búa yfir fósturvísi sem ekki er ætlunin að nota standa þrjár leiðir til boða: a) gefa fósturvísinn konu eða pari sem á í frjósemisvanda, b) gefa fósturvísinn til rannsókna og c) gefa fósturvísinn til þjálfunar heilbrigðisstarfsfólks. Þessar leiðir hvíla allar á skýru samþykki þeirra sem eiga í hlut.

Danmörk.

Í Danmörku er ekki gerð krafa um það í lögum að þeir einstaklingar sem standa að tæknifrjóvgun séu í sambúð eða hjúskap. Löggjafinn hefur í raun látið fólki það eftir að ákveða sjálft hvenær tengsl þess við annan einstakling séu slík að þau teljist þar. Ekki eru notuð hugtök í lögnum sem jafna má til hjúskapar eða sambúðar.

Heimilt er að gefa fósturvísa samkvæmt dönskum lögum, en ekki í ábataskyni. Sú heimild kom inn í lögina þar í landi árið 2017 og í greinargerð með lögnum kemur fram að markmiðið með breytingu laganna sé að breyta þjónustu heilbrigðiskerfisins hvað varðar meðferð fósturvísa til samræmis við ráðandi viðhorf til þessara mála.

Spánn.

Á Spáni er þess ekki krafist í lögum að einstaklingar sem standa saman að tæknifrjóvgun séu í sambúð eða hjúskap. Sömuleiðis er þess ekki krafist í lögum að eyða skuli fósturvísnum í geymslu ef þeir sem að tæknifrjóvgun stóðu slíta sambandi sínu á einhverjum tímapunkti. Konan eða báðir foreldrar verða að veita upplýst samþykki fyrir notkun fósturvísa sinna hvort sem er til gjafar eða rannsókna. Þá er heimilt að gefa fósturvísa en þó ekki í ábataskyni.

Það er mikilvægt að þeir einstaklingar sem leggja þurfa upp í langt, erfitt og kostnaðarsamt ferli tæknifrjóvgunar til að freista þess að eignast barn og búa til fjölskyldu upplifi að umgjörð laganna og reglur um tæknifrjóvgun séu gerðar með hag þeirra fyrir brjósti og að þeim sé treyst fyrir verkefninu.

Frumvarp þetta miðar að því að fullorðnu fólki skuli treyst til að haga lífi sínu eins og það vill svo fremi sem það sé öðrum að skaðlausu. Reglurnar skuli vera eins skýrar og einfaldar og kostur er. Lög og reglur eru fyrir fólk og löggjafinn á ekki að vera hræddur við að endurskoða þær í takt við tímann og auka tækifæri fólks til að búa til fjölskyldu.